



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 1. júní 2021
2021051454 / 01-704

Efni: Hvítbók um byggðamál - umsögn bæjarstjórnar Akureyrarbæjar

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur á fundi sínum 1. júní 2021 samþykkt eftirfarandi:

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar lýsir yfir almennri ánægju með inntak hvítbókar um byggðamál, þau markmið sem þar eru sett fram sem og það víðtæka samráð sem viðhaft er við mótun hennar. Bæjarstjórn fagnar sérstaklega aðgerð C4 sem miðar m.a. að því að mótuð verði stefna sem skilgreini hlutverk Akureyrar sem stærsta þéttbýliskjarnans á landsbyggðinni og stuðli að uppbyggingu borgarsvæðis á grunni Akureyrar sem geti boðið upp á fjölbreytileika í þjónustu, menningu og atvinnutækifærum, sem í dag er einungis að finna á höfuðborgarsvæðinu. Slíkt sé gert með það að markmiði að jafna búsetuþróun innanlands og styrkja þannig samkeppnishæfni landsins alls. Þá fagnar bæjarstjórn verkefni B9 um miðstöð norðurslóðamála þar sem markmiðið er að styrkja stöðu Akureyrar sem miðstöðvar norðurslóða á landsvísu og efla samstarf þeirra fjölmörgu aðila sem hafa aðkomu að málaflokknum. Bæjarstjórn telur hins vegar að markmiðum fylgi of sjaldan fjármagnaðar aðgerðir.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar sendir eftirfarandi ábendingar varðandi tiltekna aðgerðir og/eða nýjar aðgerðir.

- A3: Staðsetja ætti björgunarþyrlu á Akureyri.
- A9: Mjög mikilvægt verkefni um stuðning við verslun í strjálbýli.
- A10: Ferjur til og frá Hrísey og Grímsey verði skilgreindar sem þjóðferjuleiðir og verði hluti af hinu almenna vegakerfi og þ.a.l. gjaldfrjálsar.
- A14: Mikilvægt er að meta kostnaðarauka fyrir sveitarfélög ef við á t.d. ráðstöfun fjármuna til grunnskóla í tengslum við nám án aðgreiningar.
- B3: Landshlutasamtökum sveitarfélaga verði falið skýrt, fjármagnað hlutverk.
- B7: Árangursmælikvarði verði breytt og frekar horft til fjölda starfa sem ráðið er í utan höfuðborgarsvæðisins.
- Farið verði í jöfnun eldsneytisverðs á flugvöllum þannig að aðrir millilandaflugvellir en í Keflavík, þ.e.a.s. á Akureyri og Egilsstöðum, verði raunhæfir kostir fyrir millilandaflug. Ekki verði dregið úr stuðningi við Flugþróunarsjóð.

- Markvissar, fjármagnaðar aðgerðir um dreifingu ferðamanna um landið vantar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Kristín Sóley Sigursveinsdóttir
forstöðumaður upplýsinga- og þjónustudeildar